

HAMINGJA OG NEYSLA

Léttur leikur sem hvetur til umhugsunar og umræðu um tengsl milli neyslu og hamingju.

Markmið:

Að þátttakendur velti fyrir sér að hvaða leyti hamingja þeirra tengist neysluvörum.

Tími: 10-20 mínútur

Aldur: 8 ára og eldri

Framkvæmd:

Þrjár miðar eru lagðir á gólf með ákveðnu millibili á ímyndaðri línu í herbergi (eða úti).

Á einum miðanum stendur "margar neysluvörur", á næsta miða stendur "nokkrar neysluvörur" og á þriðja miðanum stendur "engar neysluvörur".

Þátttakendur eru síðan spurðir að eftirfarandi spurningu:

Hugsaðu um síðasta skipti þegar þú varst hamingjusöm/samur/samt. Hversu margar neysluvörur tengdust upplifuninni?

Þátttakendur eiga að staðsetja sjálfan sig við þann miða sem endurspeglar svarið þeirra.

Dreifing þátttakenda á mismunandi miða er skoðuð og rædd.

Þátttakendur eru hvattir til að segja frá sínu svari. Þetta er svo góður grundvöllur til að ræða frekar hvað það er sem veitir okkur hamingju og hvort það tengist beint ákveðnum neysluvörum eða upplifunum, samskiptum, náttúru, félagslífi, fjölskyldu o.s.frv.

Verkefnið er úr bókinni Menntun til sjálfbærni - Handbók fyrir kennara eftir Guðrúnu Schmidt.